

# Samningur

## mennta- og menningarmálaráðuneytis við Skátafélagið Heiðabúar

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Skátafélagið Heiðabúar, kt. 460279-0899, í samningi þessum nefnt SKH, gera með sér svofelldan samning.

### 1. Markmið og verkefni

- 1.1. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að styðja tímabundið við náms- og ráðgjafafúrræði á Suðurnesjum vegna vaxandi atvinnuleysis á svæðinu. Markmið aðgerðanna eru að:
  - tryggja aðgengi að námi á öllum skólastigum og auðvelda íbúum þannig að byggja upp hæfni til framtíðar.
  - tryggja þátttöku barna og ungmenna í frístunda-, tómstunda- og íþróttastarfi yfir sumartímann.
  - leggja sérstaka áherslu á hæfniþróun og íslenskunám útlendinga, sem eru skv. greiningu Vinnumálastofnunar, stór hluti atvinnuleitenda á svæðinu.
- 1.2. Verkefnið byggir á niðurstöðum aðgerðahóps sem stofnaður var í kjölfar fundar mennta- og menningarmálaráðherra með íbúum Suðurnesja í Reykjanesbæ 2. apríl 2019.
  - Verkefnið er að bjóða upp á námskeið um kofabyggð og kassabílagarð þar sem börn á aldrinum 7 – 12 ára smíða úr timbri undir leiðsögn.
  - Framkvæmdatími er júní, júlí og ágúst 2019.
  - Sérmarkmið verkefnis er að stuðla að uppbyggjandi og skapandi aðstöðu þar sem þátttakendur geta unnið að verkefnum með jafnöldrum undir leiðsögn.
  - Lágmarksfjöldi þátttakenda er 50.

### 2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.2. Framlag ráðuneytisins til samnings þessa er kr. 2.000.000,-. Ekki er gert ráð fyrir þáttökugjöldum í verkefnið.
- 2.3. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna verkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 2.4. SKH starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni.

### 3. Ábyrgð

- 3.1. SKH ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. SKH skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. SKH ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. SKH er óheimilt að:
  - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

